

Vantar atkvæðagreiðslu um
mjólkursamning.

Alþingi

Erindi nr. P 122/2029

Sent at leiðinni **komudagur** 25.4.198

Sigrífa Jóhannsd.

Sp.

Þorsteinn Gunnarsson
Reykjum
541 Blönduósi.

Reykjavík, 5. febrúar 1998
SP/hó

Efni: Kæra á atkvæðagreiðslu
Nr. 97010006

Vísað er til bréfs þíns frá 30. janúar sl. þar sem þú kærir til stjórnar Bændasamtaka Íslands "þá tilhögun sem uppi er varðandi atkvæðagreiðslu um nýjan búvörusamning og samstarfssamning milli Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda".

Á símafundi stjórnar, sem haldinn var föstudaginn 6. febrúar vegna kæru þinnar og annarrar athugasemdar sem borist hafði, var eftirfarandi bókun samþykkt:

"Stjórn BÍ hefur fjallað um þær athugasemdir sem borist hafa vegna framkvæmdar atkvæðagreiðslu um samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og samstarfssamning milli BÍ og LK.

Í kjölfar athugasemda frá nautakjötsframleiðanda varðandi aðild þeirra að atkvæðagreiðslu um samstarfssamning BÍ og LK hefur verið ákveðið að víkka kjörskrá vegna þeirrar atkvæðagreiðslu.

Stjórn BÍ telur ekki tilefni til breytinga á þeirri tilhögun sem uppi er varðandi atkvæðagreiðslu um samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og ekki til frekari breytinga á tilhögun atkvæðagreiðslu um samstarfssamning BÍ og LK".

Rétt er að skýra rök stjórnarinnar fyrir þessari afgreiðslu.

Í 4. grein laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er kveðið á um fyrirvar Bændasamtaka Íslands (áður Stéttarsambands bænda) fyrir hönd búvöruframleiðenda við framkvæmd laganna. Það fyrirvar tekur m.a. til samninga um fyrirkomulag á framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða sbr. 30. grein laganna. Sérstök samninganefnd fór með samningsumboð fyrir hönd BÍ við gerð samningsins um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu nú í haust. Hún undirritaði samninginn 17. desember með fyrirvara um samþykki mjólkurframleiðenda í almennri atkvæðagreiðslu, en það var ákvörðun stjórnar BÍ að hafa þann háttinn á. Það er misskilningur, sem fram kemur í bréfi þínu, að með þessu sé verið að framselja forræði til Landssambands kúabænda, heldur er leitað atkvæða hjá mjólkurframleiðendum sem aðild eiga að BÍ, óháð því hvort félagsaðild þeirra er í gegnum félag kúabænda eða búnaðarfélag/búnaðarsamband. Þannig er einnig uppfyllt það ákvæði 4. greinar samþykktar BÍ, sem þú vitnar til, að félagsleg réttindi skuli vera óháð formi á félagsaðild.

Stjórn BÍ, sem samþykkti samninginn með sex samhljóða atkvæðum af sjö, telur, að hún hafi ótvíræða heimild til að leggja hann fyrir í atkvæðagreiðslu meðal kúabænda, eins og til stendur. Þau áform hafa verið kynnt öllum hlutaðeigandi aðilum, án þess að mótmæli hafi komið fram. Á kjörskrá, sem lögð verður til grundvallar þátttöku, verða allir þeir sem skráðir eru fyrir mjólkurframleiðslu sem fram fer innan greiðslumarks eða eru sannanlegir eignar- eða rekstraraðilar að slíkum búum og eru jafnframt félagar í BÍ eins og áður segir.

Samstarfssamningurinn milli BÍ og LK er verkaskiptasamningur og er gerður á grundvelli 7. greinar samþykpta BÍ. Þar segir eftirfarandi um afgreiðslu á slíkum samningi:

"Ákvæði um framsal á forræði á atriðum sem varða framkvæmd búvörulaga í verkaskiptasamningi skal því aðeins taka gildi að það hafi hlotið samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða bænda í búgreininni í allsherjaratkvæðagreiðslu. Bændasamtökin og hlutaðeigandi búgreinasamtök skulu annast atkvæðagreiðsluna og kosningarétt hafa þeir sem skráðir eru í hlutaðeigandi búgrein sbr. 4. grein".

Í tilvitnaðri 4. grein segir:

Í félagaskránni skal m.a. skráð hvaða búgreinar félagsmaðurinn stundar. Sú skráning skal fara eftir skilgreiningu í samþykktum landsamtaka í viðkomandi búgrein, hafi þær hlotið samþykki Bændasamtakanna, en í öðrum búgreinum skal stjórn Bændasamtakanna ákveða skilgreininguna".

Samþykktir Landssambands kúabænda hafa enn ekki verið staðfestar af stjórn BÍ frekar en samþykktir nokkurra aðildarsamtaka. Því leiðir af samþykktum BÍ, að stjórn BÍ hefur óskorað vald og ber skylda til að ákvarða um þátttökurétt í atkvæðagreiðslunni.

Eins og fram er komið, féllst stjórnin á athugasemd frá framleiðanda nautgripakjöts, þess efnis að eðlilegt væri að allir framleiðendur nautgripaafurða gætu greitt atkvæði um samstarfssamninginn en ekki einungis mjólkurframleiðendur, og hefur kjörskrá vegna kosningar um hann þegar verið breytt og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Er þetta í samræmi við samþykkt aðalfundar LK 1996 og með hliðsjón af því, að samstarfssamningurinn varðar einnig kjötframleiðslu.

Auðvitað getur menn greint á um það hvort eðlilegra sé að allir bændur innan BÍ fái að kjósa um samning eins og samstarfssamninginn, og vissulega má færa rök fyrir því. Samþykktir BÍ eru hins vegar skýrar að þessu leyti og alveg ljóst skv. þeim að það eru bændur í búgreininni sem eiga að greiða atkvæði en ekki aðrir.

Með hliðsjón af framansögðu féllst stjórn BÍ ekki á, að efni séu til að breyta framkvæmd atkvæðagreiðslunnar að öðru leyti en því sem rakið hefur verið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson
framkvæmdastjóri